

V/3.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufultrúi		Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund: Reykjavík - fimmtudaginn 29. ágúst 2002. Klukkan 12:20			
Sakarefni: Fjárdráttur - umboðssvik			
Sakborningur/grunaður: Kristín Jóhannesdóttir		Kennitala: 090363-3959	
Starf/staða: Frankvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaumur hf		Vinnusími: 588-9990	
Lögheimili: Barðaströnd 9, Seltjarnarnes		Sími: 561-1144 / 864-3539	
Dvalarstaður:		Sími:	

Kristín er mætt til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Henni er kynnt að rannsókn lögreglu snúi að ætluðum auðgunarbrotum forsvarsmanna Baugs hf. Ætluð brot tengjast fjármögnun og rekstur skemmtisnekkjunnar Thee Viking sem staðsett er í höfninni á Miami í Flórída, á árunum 2000 – 2002, en grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða fyrir persónulegan eignarhlut Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar í snekkjunni. Vegna þeirra gagna sem fram eru komin í máli telji lögregla rétt að Kristín njóti réttarstöðu sakbornings við yfirheyrsluna.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kys að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Þá er Kristínu kynnt að hún eigi rétt á skipun verjanda vegna málsins.

Kristín kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og kveðst óska eftir því að Kristín Edwald, hdl.verði skipuð verjandi hennar í þessu máli og er hún viðstödd yfirheyrslunar. Auk þess er Arnar Jensson, aðst.yfirlögregluþjónn viðstaddur yfirheyrsluna.

Kristín er beðin um að taka afstöðu til sakarefnisins.

Kristín kveðst ekki tengjast málinu á nokkurn hátt og kveðst ekki vera kunnugt um viðskipti Baugs hf við Nordica Inc.

Kristín er beðin um að gera grein fyrir aðkomu sinni að viðskiptum með snekkjuna Thee Viking sem staðsett er í Miami í Flórída.

Kristín kveðst ekki hafa komið að þeim viðskiptum persónulega. Sem framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. kveðst hún þekkja til viðskipta milli Gaums og Nordica Inc. Hún kveðst vita til þess að Gaumur ehf hafi á tímabili greitt fjármuni sem ráðstafað var í bátinn. Hluthafar Gaums ehf ákveði hvernig fjármunum Gaums ehf sé ráðstafað í fjárfestingar. Hún tekur það fram að hún hafi tekið við sem framkvæmdastjóri Gaums í september 1999 og frá þeim tíma hafi ekki verið um beinar greiðslur frá Gaumi ehf til Nordica Inc að ræða til að fjármagna kaupin á bátinum í Bandaríkjunum.

Klukkan 12:25 óskar Kristín eftir því að fá að ráðfæra sig einslega við verjanda sinn.
Klukkan 12:30 er yfirheyrslunni haldið áfram.

Spurningin er aftur borin undir Kristínu og hún beðin um að gera grein fyrir aðkomu sinni að viðskiptum með snekkjuna og þeirri almennu vitneskju sem hún hefur um fjármögnun snekkjunnar.

S. Mag

06842

Kristín tekur það fram að hún viti ekkert um fyrri tvo bátana sem keyptir voru. Hún hafi verið búsett erlendis á fimm ára tímabili og viti ekki hvenær eða hvort þeir bátar voru keyptir. Hún kveðst því einungis vita af bátnum Thee Viking og hafi sú vitneskja hennar komið til þegar hún hóf störf hjá Gaumi árið 1999. Kristín kveðst vita að Gaumur hf hafi greitt um 40 milljónir króna til Nordica Inc. á árunum 1997-2001. Aðspurð kveðst hún ekki geta svarað því hvort til sé einhver samningur um þessar greiðslur, eða eignarhlut Gaums ehf í bátnum.

Hún er jafnframt spurð hvort hún geti lagt fram bókhaldsgögn úr bókhaldi Gaums ehf sem varði þessi viðskipti með bátinn Thee Viking.

Klukkan 12:37 óskar Kristín eftir því að fá að ráðfæra sig einslega við verjanda sinn.
Klukkan 12:42 er yfirheyrslunni haldið áfram.

Spurningin er endurtekin og Kristín spurð hvort hún geti lagt fram bókhaldsgögn úr bókhaldi Gaums ehf varðandi viðskiptin við Nordica Inc.

Kristín kveðst reiðubúin að afhenda lögreglu þau bókhaldsgögn Gaums hf sem tengjast viðskiptunum með bátinn. Hún segir þau gögn öll varða viðskipti við félagið Nordica Inc, um sé að ræða útgefna reikninga Nordica Inc. á Gaum ehf.

Kristín er spurð hvernig þessi eignamyndun í bátnum sé skráð í bókhaldi Gaums hf, en fram hefur komið við rannsókn málsins að báturinn er skráð eign félags í Flórída.

Kristín kveðst ekki geta svarað því, hún segir best að endurskoðandi Gaums ehf svari þessari spurningu.

Kristín er spurð hvort hún hafi einhverri stöðu að gegna hjá Baugi group hf og er þá beðin um að skýra frá starfssviði sínu þar.

Kristín kveðst vera varamaður í stjórn Baugs group hf. Hún kveðst ekki hafa neinum daglegum skyldum að gegna þar. Hún mæti á stjórnarfundum hjá stjórn Baugs group hf þegar aðalmaður geti ekki mætt.

Kristín er spurð hvort hann hafi eitthvað með reikningsfærslu eða greiðslu reikninga að gera hjá Baugi hf.

Kristín kveðst ekki hafa neitt með reikningfærslu hjá Baugi hf að gera.

Kristín er spurð hvort hún þekki Jón Gerald Sullenberger.

Kristín kveðst hafa hitt manninn, en þau þekkest ekki persónulega.

Kristínu er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi verið afhent bókhaldsgögn frá Jóni Gerald Sullenberger sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2002. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

J. Mag

Greiðslur frá Baugi - Árið 2002.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
14.01.2002	12.438,81	Baugur	Nordica Inc.
12.02.2002	12.313,58	Baugur	Nordica Inc.
14.03.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.04.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
03.05.2002	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
29.05.2002	16.789,00	Baugur	Nordica Inc.
Samtals greitt:	77.481,39		

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Kristín kveðst ekkert vita um þessar greiðslur Baugs hf. til Nordica Inc.

Kristínu er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2001. Í þeim gögnum eru sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

Greiðslur frá Baugi - Árið 2001.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
31.01.2001	12.247,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
14.02.2001	2.310,83	Baugur	New Viking Inc.
09.03.2001	11.985,00	Baugur	New Viking Inc.
11.04.2001	15.798,23	Baugur	New Viking Inc.
07.05.2001	11.975,00	Baugur	New Viking Inc.
12.06.2001	12.000,00	Baugur	Nordica Inc.
27.07.2001	11.980,00	Baugur	New Viking Inc.
02.08.2001	12.760,00	Baugur	New Viking Inc.
18.09.2001	14.157,67	Baugur	New Viking Inc.
03.10.2001	13.189,99	Baugur	New Viking Inc.
13.11.2001	11.980,00	Baugur	Nordica Inc.
05.12.2001	12.227,00	Baugur	Nordica Inc.
Samtals greitt:	154.588,72		

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Kristín kveðst ekkert vita um þessar greiðslur Baugs hf. til Nordica Inc.

Kristínu er kynnt að efnahagsbrotadeild RLS hafi jafnframt verið afhent bókhaldsgögn sem sögð eru varða fjármögnun og rekstur snekkjunnar Thee Viking fyrir árið 2000. Í þeim gögnum eru

G. Mag

sölureikningar frá fyrirtækinu Nordica Inc. í Flórída sem bera með sér að hafa verið greiddir úr sjóðum Baugs hf. Um er að ræða eftirfarandi greiðslur:

Greiðslur frá Baugi - Árið 2000.

Dagsetning	Fjárhæð USD	Greiðandi	Móttakandi
24.01.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
02.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
28.03.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
18.04.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
15.05.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
31.05.2000	139.155,51	Baugur	Nordica Inc.
16.06.2000	7.977,50	Baugur	Nordica Inc.
17.07.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
21.08.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
13.09.2000	11.977,50	Baugur	Nordica Inc.
10.10.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
17.10.2000	615,81	Baugur	New Viking Inc.
09.11.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
26.12.2000	11.977,50	Baugur	New Viking Inc.
Samtals greitt:	259.501,32		

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc.

Kristín kveðst ekkert vita um þessar greiðslur Baugs hf. til Nordica Inc.

Kristínu er bent á að í bókhaldi Jóns Geralds vegna bátsins sé útgefnir reikningar í nafni Nordica Inc stílaðir á Baug hf en greiddir inn á bankareikning New Viking Inc í Bandaríkjunum. Hún er spurð hvort hún geti skýrt það, jafnframt hvort hún þekki félagið New Viking Inc.

Kristín kveðst ekki vita neitt um þessar greiðslur hvorki til Nordica Inc né New Viking Inc. Hún tekur það fram að hún þekki ekki til félagsins New Viking Inc.

Kristínu er einnig kynnt að lögregla hafi fengið afhenta útprentun úr tölvupósti Jóns Geralds Sullenberger sem varði tölvusamskipti Tryggva við Jón Gerald vegna snekkjunnar.

Undir Kristínu er borin útprentun úr tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa í greinaskilum sem merkt eru 3.:

“3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001 \$774 þús. Á því ári voru greiddar \$144 þús. í reksturinn, þar af fóru \$56 þús. í afborganir og fjárfestingar, \$55 þús. í vexti og rest í rekstarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því \$816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.”

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að Tryggvi sé að tala um greiðslur vegna afborgana og reksturs bátsins á Flórída.

Kristín kveðst ekkert vita um það sem þarna kemur fram í þessum tölvupósti.

S. Mag

Undir Kristínu er áfram borin útprentun úr sama tölvupósti, skjal málsins nr. II/7.2, sem virðist hafa verið sendur úr netfanginu tryggvi@baugur.is og sendur á Jón Gerald Sullenberger þann 8. maí 2002. Þar má lesa áfram lesa í texta sem virðist stafa frá Tryggva eftirfarandi:

“Ég legg því til að þú fái \$ 200 þús. (fyrir bátinn) Miðað við \$ 1.400 þús. verðmæti þýðir þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærrí eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir JAJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn.”

Kristín er spurð hvort hún geti gert grein fyrir þessu, en ekki er hægt að lesa annað úr út þessum texta en að hann sé að tala um greiðslur vegna kostnaðar við bátinn hafi verið greiddar af Baugi hf.

Kristín kveðst ekki geta gert neina grein fyrir þessu, hún viti ekkert um slíkar greiðslur.

Undir Kristínu eru borin tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.3, sem virðast hafa átt sér stað milli Tryggva og Jóns Geralds þann 13. maí 2002. Tryggva virðist berast tölvupóstur frá Jóni Geraldi þar sem segir:

“Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera or er þetta total \$ 16,808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn.”

Jafnframt er undir Kristínu borið svar Tryggva við þessum tölvupósti frá Jóni Geraldi, sent sama dag:

“Var ekki gert ráð fyrir þessu í \$12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. Þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér?”

Kristín er spurð hvort hann hafi eitthvað um þessi tölvusamskipti Tryggvi og Jóns Geralds að segja.

Kristín kveðst ekkert hafa um þetta að segja. Hún kveðst ekkert vita um þessar fjárhæðir sem þarna eru nefndar.

Undir Kristínu er borið skjal málsins nr. II/7.14 sem er útprentun úr tölvupóstsamskiptum sem Kristín Jóhannesdóttir virðist hafa átt við Jón Gerald, þann 31. október 2000, en þar kemur eftirfarandi fram í tölvupósti:

“ Sæll.

Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda \$12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.

*Kveðja,
Kristín.”*

Kristín er beðin um að taka afstöðu til þessa.

Klukkan 13:10 kveðst Kristín vilja ráðfæra sig einslega við verjanda sinn.

Klukkan 13:22 er yfirheyrslunni haldið áfram.

G. Mac

Kristín kveðst hafa verið búin að gleyma þessum tölvusamskiptum hennar við Jón Gerald. Hún kveðst hvorki fyrr né síðar hafa fengið neinar upplýsingar um greiðslur til Nordica Inc. Hún kveðst ekki muna eftir þessu. Hún hljóti að hafa fengið upplýsingar um þessar greiðslur frá Tryggva Jónssyni. Hún kveðst ekki geta tjáð sig frekar um þessi tölvusamskipti, hún sé alla daga að svara tölvupóstsendingum og muni ekki eftir þessu.

Aðspurð um kostnað vegna notkunar á VISA korti sem nefnt er í tölvupóstinum, þá segir Kristín að Jón Gerald hafi verið með VISA kort frá Gaumi á þessum tíma vegna bátsins og hafi það verið hluti af greiðslum Gaums ehf í rekstri bátsins.

Kristín er spurð að ástæðu þess að Gaumur hf hafi afhent Jóni Geraldí greiðslukort í nafni Gaums hf vegna bátsins og hvernig kostnaður við það hafi verið bókfærður í bókhaldi Gaums hf.

Kristín kveðst ítreka að hún vilji að endurskoðandi Gaums hf svari því hvernig þessi kostnaður var færður í bókhaldi Gaums hf. Hún kveðst hins vegar hafa litið svo á að með þeim greiðslum sem runnu úr sjóðum Gaums hf í bátinn hafi Gaumur hf verið að eignast hlutdeild í bátnum.

Kristín er spurð hvernig þessar greiðslur hafi þróast í framhaldi af þessum tölvupósti.

Kristín kveðst ekki muna það nú í hvaða farveg þessar greiðslur hafi farið eftir þessi samskipti. Það verði bara að skoða það í bókhaldsgögnum Gaums hf.

Undir Kristínu eru borin skjöl málsins nr. II/3.32.1 - 3.32.3 en það er símbréf Nordica Inc til Baugs hf dagsett 22.05.2002, reikningur Nordica Inc til Baugs að fjárhæð 16.808,80 dagsettur 22.05.2002 og staðfesting frá Bank of America á swift greiðslu til Nordica Inc frá Baugi hf þann 29.05.2002. Kristín er spurð hvort hún geti skýrt þessa greiðslu, en ekki verður annað séð en um sé að ræða reikning vegna slippkostnaðar á bátnum, sbr. skjal málsins nr. II/7.3 sem borið var undir Kristínu fyrr í yfirheyrslunni.

Kristín kveðst ekki geta skýrt þetta. Hún hafi ekkert komið að þessu.

Kristínu er kynnt að lögregla hafi framburð frá Jóni Geraldí þar sem hann skýri frá því að hann hafi tekið við greiðslum frá Baugi hf vegna afborgana og reksturs bátsins Thee Viking. Einnig hafi hann afhent lögreglu tölvusamskipti sín við Tryggva sem ekki sé hægt að lesa annað út úr en að verið sé að tala um fjármögnun Baugs hf á rekstri bátsins. Einnig tölvusamskipti Kristínar við Jón Gerald varðandi greiðslur til hans vegna bátsins. Þá þess tölvupóst þar sem nefnd er sérstaklega fjárhæðin 16.808,80 vegna slippkostnaðar varðandi bátinn, símbréfi Nordica Inc til Baugs hf varðandi sömu fjárhæð, sölureikningur Nordica Inc til Baugs með sömu fjárhæð og greiðslustaðfesting frá Bank of America um að Baugur hf hafi greitt umrædda fjárhæð til Nordica Inc. Öll þessi gögn bendi til þess að Baugur hf hafi greitt hluta af rekstrarkostnaði vegna bátsins.

Kristín er beðin um að taka afstöðu til þess.

Kristín kveðst ekki taka afstöðu til þessa. Jafnframt því sem hún vísar í fyrra svar varðandi tölvusamskipti við Jón Gerald.

Áfram er borið undir Kristínu tölvusamskipti, skjal málsins nr. II/7.4, sem virðast vera milli Tryggva og Jóns Gerald. Um er að ræða tölvupóst frá Tryggva úr netfanginu tryggvi@baugur.is þann 12. maí 2002. Þar kemur eftirfarandi fram:

“Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.

J. Meag

Samtal eru þetta \$350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin."

Kristín er spurð hvort hún geti skýrt þessi tölvusamskipti, eða hafi einhverja vitneskju um það sem þar komi fram.

Kristín kveðst ekkert vita um þau atriði sem nefnd eru í þessum tölvupósti.

Kristín er spurð hvort hún viti ástæðu þess að Tryggvi sem forstjóri Baugs hf sé að ræða uppgjör á bátnum við Jón Gerald, bát sem sagður er einkaeign Jóhannesar, Jóns Ásgeirs og Jóns Geralds.

Kristín kveðst ekkert vita um skiptingu eignahlutar í bátnum. Hún kveðst heldur ekki geta sagt neitt um ástæðu þess að Tryggvi blandast inn í þessa umræðu. Kristín kveðst einungis geta svarað fyrir viðskipti Gaums hf varðandi bátinn.

Kristín er þá spurð hvort hún þekki uppgjörstölur og skiptingu fjárhæða varðandi eignarhald í bátnum.

Kristín kveðst ekki vita neitt um uppgjörstölur eða skiptingu fjárhæða varðandi eignarhald í bátnum, né hve mikið hver um sig hafi greitt í þessum bát.

Undir Kristínu er borið skjal málsins nr. II/7.11, en það er útprentun á tölvupóstamskiptum sem Tryggvi átti við Jón Gerald þann 17. mars 2001, en þar má lesa eftirfarandi úr tölvupóstinum frá Jóni Gerald til Tryggva:

"Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort þú er að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku."

Þá má einnig sjá svar Tryggva við tölvupóstinum frá Jóni Gerald:

"Ég hef sent frá mér alla reikningana (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera þú er að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag."

Kristín er beðin um að taka afstöðu til þessara samskipta þeirra Jóns Geralds og Tryggva.

Kristín kveðst ekkert vita um þessi samskipti Jóns Geralds og Tryggva.

Undir Kristínu er borið skjal málsins nr. II/5.3 sem er ritvinnsluskjal með minnispunktum varðandi snekkjuna. Á blaðið hafa einnig verið skrifaðar athugasemdir og fjárhæðir. Kristín er spurð hvort hún þekki skjalið.

Kristín kveðst ekki kannast við þetta skjal, né þær hugmyndir sem þar eru skráðar.

Kristín er spurð út í félagið Miramar sem nefnt er í skjali II/5.3 varðandi afsal á 70 - 75% eignarhluta í Thee Viking til Miramar.

Kristín kveðst ekkert vita um félagið Miramar.

Kristín er spurður hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

G. Mag


Kristín kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hún hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Kristín Edwald, verjandi Kristínar, kveðst vilja láta bóka eftir sér að hún óski eftir öllum gögnum málsins. Jafnframt óski hún eftir því að fá rökstuðning fyrir því ef ekki verði orðið við óskum hennar.

Kristínu er kynnt að vegna viðkvæmra rannsóknarhagsmuna verði henni ekki afhent gögn málsins enn sem komið er.

Skýrslutöku lauk kl. 1438


Staðfest rétt eftir haft:


Kristín Jóhannesdóttir


Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur yfirheyrsluna, þegar Kristín las yfir skýrsluna, játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:


Arnar Jensson, aðst. yfirlögregluþjónn

Verjandi Kristínar:


Kristín Edwald, hdl

V/3.4

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	RLS
Skýrslu gerir Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-0086	
Staður og stund : Reykjavík - miðvikudaginn 9. apríl 2003. Klukkan 11:10		
Sakarefni: Fjárdráttur – umboðssvik		
Sakborningur/grunaður: Kristín Jóhannesdóttir	Kennitala: 090363-3959	
Starf/staða: Framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaumur hf	Vinnusími: 588-9990	
Lögheimili: Barðaströnd 9, Seltjarnarnes	Sími: 561-1144 / 864-3539	
Dvalarstaður:	Sími:	

Kristín er mætt til yfirheyrslu hjá efnahagsbrotadeild RLS samkvæmt boðun. Henni er kynnt að við þessa yfirheyrslu verði farið nánar yfir þau viðskipti sem áttu sér stað milli Gaums ehf og Nordica Inc eða Jóns Geralds vegna fjármögnunar við kaup á bátum á Miami. Kristín hefur þegar verið yfirheyrð um þetta sakarefni en nú verður m.a. farið yfir þá reikninga sem færðir voru í bókhald Gaums ehf sem krafa á Nordica Inc vegna bátaviðskiptanna.

Kristínu er kynnt að grunur leikur á að miklum fjármunum úr sjóðum Baugs hafi verið ráðstafað til að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking á Miami. Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort framin hafi verið umboðssvik eða fjárdráttur af stjórnendum Baugs hf, þ.e. Jóni Ásgeiri, Tryggva Jónssyni og Jóhannesi Jónssyni. Kristínu er kynnt að í ljósi tengsla hennar við Gaum ehf og annarra aðstæðna málsins, sé talið rétt að hún njóti réttarstöðu sakbornings við þessa yfirheyrslu.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kys að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstödd yfirheyrsluna er Kristín Edwald, hdl. skipaður verjandi Kristínar.

Kristínu er kynnt að þegar hún var yfirheyrð um bátaviðskiptin þann 29. ágúst 2002 hafi verið borin undir hana tölvupóstsamskipti sem vörðuðu rannsókn málsins, m.a. tölvupóstsamskipti sem hún hafði átt við Jón Gerald Sullenberger. Henni er kynnt að við frekari rannsókn málsins hafi komið í ljós frekari tölvupóstsamskipti milli hennar og Jóns Geralds. Verða þeir tölvupóstar nú bornir undir hana.

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 03.10.2000. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn."

Sæll.

Hef verið að reyna að ná í þig v/Vísareikn. síðasta tímabils sem er kr. 570.923.- Hvað veldur þessari hækkun? Enginn á okkar vegum var á Miami á þessu tímabili. t.d. hefur Miami beach MA hækkað úr \$924 í tæpa \$2,300. Verð að fá skýringar á þessu.

Kveðja,
 Kristín.

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín kveðst ekki muna eftir þessum tölvupósti og geti ekki skýrt hann með nokkru móti.

06870

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 31.10.2000. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn."

Sæll.

Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda \$12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.

Kveðja,
Kristín.

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín segir að þessi tölvupóstur hafi verið borinn undir hana í ágúst 2002. Hún kveðst engu hafa við þann framburð sinn að bæta. Hún kveðst ekki muna eftir þessum tölvupóstsamskiptum og kveðst við yfirheyrsluna í ágúst 2002 hafa dregið ályktanir um hann út frá þeim texta sem þar kemur fram.

Tölvupóstur frá Kristínu úr netfanginu kristin@gaumur.is sem sendur var á Jón Gerald í netfangið gerald@xnet.is þann 05.02.2001. Efni tölvupóstsins er "Vísareikn. enn og aftur."

Sæll.

Var að fá Vísareikn. kr. 163.121. ég vil fá skýringar á þessu hvers vegna ertu að nota kortið ef Tryggvi segir að þú fái nægilega peninga til að greiða allan kostnað af bátnum??

Svar óskast strax.

Kveðja,
Kristín.

Kristín er beðin um að skýra þennan tölvupóst nánar.

Kristín kveðst ekki muna eftir þessum tölvupóstsamskiptum og geti á engan hátt gert grein fyrir honum.

Sérstaklega er borið undir Kristínu úr tölvupóstinum þar sem segir : vil fá skýringar á þessu hvers vegna ertu að nota kortið ef Tryggvi segir að þú fái nægilega peninga til að greiða allan kostnað af bátnum

Kristín kveðst ekki geta gert frekari grein fyrir þessu, hún muni ekki eftir þessum tölvupóstsamskiptum við Jón Gerald og geti á engan hátt skýrt það nánar hvaða upplýsingar hún hafði um greiðslur vegna kostnaðar af bátum.

Viðskiptareikningur Nordica Inc/Jóns Geralds í bókhaldi Gaums ehf.

Kristín er beðin um að gera fyrir ástæðu þess að Bónus sf virðist greiða hluta af reikningunum sem færðir eru á viðskiptamannareikning Nordica Inc í bókhaldi Gaums ehf.

Kristín segir að hún geti skýrt þetta á auðveldan hátt. Hún segir að hún og fjölskylda hennar hafi stofnað Bónus Ísaldi ehf árið 1989 og hafi það félag rekið Bónus verslanirnar. Árið 1992 hafi Bónus sf verið stofnað við sameiningu Bónus verslananna og Hagkaupa. Við þá sameiningu hafi fjölskyldan áfram rekið félagið Ísaldi ehf og auk þess hafi þau keypt félag sem hét Gaumur ehf.

Við stofnun Baugs hf. árið 1998 hafi eignir þessara félaga runnið inn í Baug hf, þ.e. eignir Ísaldi ehf og Gaum ehf. Eftir þennan eignasamruna hafi fjölskyldan haldið áfram að reka félag á kennitölu Ísaldi ehf, sem er fjárfestingarfélagið Gaumur ehf, sem hún sé framkvæmdastjóri yfir í dag. Hún segir að fjárfestingarfélagið Gaumur ehf sé rekið á upphaflegri kennitölu Bónus Ísaldi ehf frá árinu 1989. Þannig segir hún að það gæti nokkurs misskilnings í því að Bónus hafi greitt reikninga frá Nordica Inc sem vörðuðu bátaviðskiptin í gegnum tíðina.

Kristín segir að bankareikningar Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf hjá SPRON hafi verið 1151-26-1899, 1151-26-1099 og 1151-26-1799. Hún segir að tékkareikningur 1151-26-1799 hafi upphaflega verið í nafni Bónus sf, en við allar þær breytingar á þessum félögum sem hún hafi greint frá hafi Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf eignast þennan bankareikning.

Kristín segir því Fjárfestingarfélagið Gaum ehf hafa greitt alla þá reikninga frá Nordica Inc sem afhentir voru úr bókhaldi Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf vegna rannsóknar málsins.

Þá er Kristín beðin um að gera grein fyrir ástæðu þess að á reikningunum frá Nordica Inc sem færðir hafa verið á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf, séu kostnaðarliðir sem m.a. varða American Express greiðslukortanotkun Jóns Ásgeirs og Tryggva, ferðakostnað og fleiri kostnaðarliði sem virðast ekki tengjast bátnum eða Jóni Geraldí persónulega.

Kristín kveðst ekki kunna neina skýringu á þessu og tekur það fram að hún hafi komið til starfa sem framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf um haustið 1999. Þannig segir hún að stærstur hluti þeirra reikninga sem Nordica Inc sendi á Gaum ehf hafi verið á þeim tíma þegar hún var ekki komin þar til starfa. Kristín kveðst því ekki geta gert grein fyrir þessum kostnaðarliðum sem koma fram á reikningunum frá Nordica Inc.

Þá er Kristínu kynnt að þeir VISA reikningar sem færðir hafa verið á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf virðast að hluta til tengjast kostnaði sem varði ekki bátinn eða Jón Gerald persónulega.

Kristín kveðst ítrekað hafa óskað eftir fylgiskjölum frá Jón Geraldí varðandi þessa greiðslukortanotkun hans. Hann hafi hins vegar aldrei sent nein slík gögn og kveðst Kristín því í raun ekki hafa haft neina staðfestingu fyrir því að hann væri að nota þetta kort til að greiða kostnað sem ekki tengist bátnum.

Kristín segir að upphaflega hafi Jón Gerald fengið þetta VISA kort útgefið frá Gaumi ehf til að standa straum af kostnaði vegna reksturs bátsins. Hún segir að Jón Gerald hafi fengið þetta kort útgefið áður en hún hafi komið til starfa hjá Gaumi ehf. Hún tekur það fram að eins og gögnin í bókhaldi Gaums ehf beri með sér þá hafi Gaumur ehf tekið þátt í að greiða fyrir rekstur bátsins. Þetta VISA kort hafi einnig átt að vera liður í því. Sú ákvörðun hafi ekki verið tekin af henni. Ítrekað hafði verið leitað eftir því að fá fylgiskjöl með greiðslukortareikningnum frá Jóni Geraldí. Þar sem þau bærust ekki hafi kortinu verið lokað um mitt ár 2001.

Kristín er spurð að ástæðu þess að þessir VISA reikningar hafi ekki verið færðir inn á viðskiptamannareikning Nordica Inc í bókhaldi Gaums ehf fyrr en eftir húsleit lögreglu á aðalskrifstofu Baugs hf, eða þann 31.08.2002.

Kristín segir að skýringin á þessu sé sú að beiðni hafi komið frá lögreglunni til hennar sem framkvæmdastjóra Gaums ehf, þann 29. ágúst 2002 að Gaumur ehf legði fram öll þau bókhaldsgögn sem vörðuðu bátaviðskiptin við Nordica Inc. Hún segir að í ljósi þeirrar beiðni hafi öll þau bókhaldsgögn í bókhaldi Gaums ehf sem vörðuðu viðskipti með bátinn verið færð inn á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi ehf. Varðandi það að VISA reikningarnir flestir hafi verið færðir inn á þennan viðskiptamannalykil þann 31.08.2002 kveðst Kristín telja að sé til komið

vegna þess að VISA greiðslukortið og VISA reikningarnar hafi verið í nafni Jóns Geralds en ekki Nordica Inc. Þannig geti verið að þeir hafi upphaflega verið bókaðir á viðskiptamannareiking Jóns Geralds hjá Gaumi ehf. Til að sameina kröfuna undir einn viðskiptamannalykil hafi færslurnar vegna VISA greiðslukortsins verið færð á viðskiptamannalyki Nordica Inc þann 31.08.2002.

Aðspurð segir Kristín að það sé starfsmaður hjá Gaumi ehf sem sjái um bókhaldið þar.

Þessar færslur líta ekki út sem beinar lánveitingar til Nordica – þ.e. gefinn er út reikningur á Gaum sem er greiddur. Kristín er beðin um að skýra þetta nánar.

Kristín segir að þetta fyrirkomulag hafi verið tilkomið áður en hún kom til starfa hjá Gaumi ehf. Hún tekur það fram að þetta sé kostnaður sem Gaumur ehf greiddi vegna reksturs þessara báta í gegnum tíðina. Hún segir að þetta hafi ekki verið hefðbundnar lánveitingar í þeim skilningi að engir lánappírar hafi verið á bak við þessar greiðslur. Hugsunin hafi alltaf verið sú að Gaumur ehf lánaði til kaupa og reksturs bátanna og eignast hlut í bátunum í hlutfalli við það sem félagið hafi lánað í bátana. Þetta hafi byggt á trausti milli þessara aðila.

Aðspurð segir hún Jón Ásgeir hafa séð um rekstur Gaums ehf áður en hún kom þar til starfa og hafi hann verið starfandi þar allt til ársins 2001.

Undir Kristínu er borið yfirlit frá endurskoðendum RLS sem sýnir allar þær greiðslur sem færðar hafa verið í bókhald Gaums ehf og varða rekstur bátsins. Einnig á sama yfirlit er færðar greiðslur sem borist hafa til Nordica Inc frá Baugi hf, frá lokum ársins 1999 – sem Jón Gerald heldur fram að hafi tekið við af greiðslunum frá Gaumi ehf. Kristínu er bent á að það hafi vakið athygli að í lok árs 1999 hætti Nordica Inc að senda reikninga á Gaum ehf vegna reksturs bátsins, en við taka fastir mánaðalegir reikningar frá Baugi hf. Kristín er spurð hvort hún geti skýrt þetta.


Jafnframt er borið undir Kristínu skjal sem fannst við rannsókn á tölvu Tryggva Jónssonar og ber heitið “það sem þarf að gera” og var samið þann 08.12.1999.

Kristín segir að í framhaldi af því að Jón Gerald hafi fengið VISA greiðslukort frá Gaumi ehf hafi hann hætt að senda Gaumi ehf reikninga vegna reksturs bátsins. Hún vill taka það fram að Jón Gerald hafi notað þetta greiðslukort frá september 1999 fram á mitt ár 2001. Kristín tekur það fram að þeir VISA reikningar sem bárust Gaumi ehf vegna Jóns Geralds hafi verið upp á nokkur hundruð þúsund krónur í hverjum mánuði. Hún kveðst hins vegar ekki geta skýrt það samkomulag sem lá þar að baki því að Jón Gerald fékk VISA kort í hendur, enda hafi hún ekki komið að því máli. Hún ítrekar að hún hafi ekki haft vitneskju um þetta skjal “Það sem þarf að gera” og geti á engan hátt útskýrt innihald skjalsins.


Kristín er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Kristín kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.

Skýrslutöku lauk kl. 13⁴⁰
Staðfest rétt eftir hafi:


Kristín Jóhannesdóttir

Verjandi Kristínar:


Kristín Edwald, hdl.

Skýrsluna skráði:


Sveinn I. Magnússon